



Upplýsingagjöf um úrræði eftir útskrift geðsjúkra vantar.

Blasíð/Steinar Hugl

Geðsjúkir:

Skortur á eftirfylgni í geðheilbrigðis- þjónustu

Meirihluti geðsjúkra og aðstandenda þeirra telja að lítið tillit sé tekið til skoðana sinna innan geðheilbrigðisþjónustunnar samkvæmt niðurstöðu rannsóknar um þjónustuparfir geðsjúkra og reynslu þeirra af geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Rannsóknina unnu þau Páll Biering, Guðbjörg Daníelsdóttir og Arndís Ósk Jónsdóttir fyrir Rauða kross Íslands og Geðhjálpar og var hún kynnt á sérstökum blaðamannafundi í gær.

Lítið tilfinningalegt svigrúm

Í rannsókninni voru 188 einstaklingar með langvinna geðsjúkdóma og 33 aðstandendur spurðir m.a. út í viðhorf þeirra til geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Í ljós kom að þó að meirihluti þátttakenda væri ánægður með flesta þætti í þjónustu sjúkrastofnana fannst þeim vanta uppá eftirfylgd og upplýsingagjöf um úrræði eftir útskrift. Þá kvört-

uðu þátttakendur undan því að starfsfólk í geðheilbrigðisþjónustu tæki ekki nógu mikið tillit til skoðana sjúklinga og aðstandenda og gæfi þeim lítið svigrúm til að tjá tilfinningar sínar.

Kallar á viðhorfsbreytingar

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir lítið í þessari rannsókn hafa komið honum á óvart. „Hún er í samræmi við þær hjálparbeiðnir og þau mál sem inn á okkar borð koma.“ Hann segir niðurstöðurnar kalla á ákveðna viðhorfsbreytingu í málefnum geðsjúkra og telur mikilvægt að byggð sé upp stuðningsþjónusta sem gerir geðsjúkum auðveldara með að taka þátt í samfélaginu á ný. „Það er nóg af fjármagni í heilbrigðisgeiranum því er bara vitlaust ráðstafað. Þetta er spurning um það hvernig við forgangsröðum hlutunum.“ ■